



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Fjármála- og efnahagsráðuneyti
b.t. Írisar Huldar Christersdóttur

Reykjavík 6. apríl 2021

Lindargötu Arnarhvoli
101 Reykjavík

2103048SA AGB
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um drög að stefnu um stafræna þjónustu hins opinbera.

Samband íslenskra sveitarfélaga fagnar stefnumótun um stafræna þjónustu hins opinbera. Sveitarfélögin eru hluti af hinu opinbera og því munu þau leika stórt hlutverk í að hrinda stefnunni í framkvæmd. Sambandið telur að sveitarfélög muni ekki skorast undan þeirri ábyrgð, enda verði þeim tryggðar nauðsynlegar fjárveitingar til þess.

Sambandið hefur ekki athugasemdir við þau meginmarkmið og áherslur sem sett eru fram í drögunum en telur tilefni til að benda á mikilvægi þess að stefna um stafræna þjónustu hins opinbera sé unnin í nánu samstarfi á milli ríkis og sveitarfélaga og út frá heildaryfirsýn yfir þjónustu hins opinbera. Samstarf á milli allra geira hins opinbera er mikilvæg forsenda þess að unnt sé að hagnýta stafræn tækifæri til hins ýtrasta, s.s. með samnýtingu gagna. Þá er mikilvægt að fjalla um stafræna þjónustu út frá byggðasjónarmiðum til að jafna búsetuskilyrði hér á landi. Telur sambandið að samstarfs- og byggðaáherslur vanti inn í stefnumótunardrögin. Einnig er þörf á að víkja að stuðningsaðgerðum, gagnvart hópum sem eiga vegna persónulegra eða annarra aðstæðna erfitt með hagnýta sér stafræna þjónustu, vegna markmiðs um að stafræn samskipti verði megin samskiptaleið hins opinbera við almenning og fyrirtæki.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri